

REGLUGERÐ

129

19. sept.

um breyting á reglugerð nr. 83 11. ágúst 1947.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og lögum nr. 37 1939 og lögum nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bannað er að selja eða afhenda hvers konar trjávið, krossvið og hvers konar þilplötur, sement, steypa steina til veggjagerðar og steypustyrktarjárn, nema gegn leyfum, sem út eru gefin af viðskiptanefnd fjárhagsráðs, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum, sementi og steypustyrktarjárn“ í 8. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

3. gr.

Í stað orðanna „sementi, trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum og steypustyrktarjárn“ í 9. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

130

23. sept.

um vöruskömmtnun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI**Um skömmtnunarskrifstofu ríkisins.****1. gr.**

Viðskiptanefnd rekur sérstaka skrifstofu, er nefnist skömmtnunarskrifstofa ríkisins. Skal sú skrifstofa hafa með höndum allar þær framkvæmdir og eftirlit með vöruskömmtnun og öðrum takmörkunum á sölu, dreifingu og afhendingu vara, sem ákveðnar verða á hverjum tíma af viðskiptanefnd og fjárhagsráði í samráði við ríkisstjórnina.

Viðskiptanefnd ræður, í samráði við fjárhagsráð, forstjóra fyrir skömmtnunarskrifstofu ríkisins, og er hann skömmtnunarstjóri.